

## BORGARSTJÓRN

Ár 2026, þriðjudaginn 28. apríl, var haldinn aukafundur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13:30. Voru þá komnir til fundar, auk borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Alexandra Briem, Andrea Helgadóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Björn Gíslason, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Einar Þorsteinsson, Friðjón R. Friðjónsson, Helga Þórðardóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Líf Magneudóttir, Marta Guðjónsdóttir, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Sabine Leskopf, Sara Björg Sigurðardóttir, Skúli Helgason, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir og Þorvaldur Daníelsson. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

### Þetta gerðist:

1. Lagður fram til fyrri umræðu ársreikningur A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar 2026, ódags., sbr. 1. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. apríl 2026. Einnig er lögð fram skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 27. apríl 2026, greinargerð B-hluta fyrirtækja, dags. 27. apríl 2026, verkstöðuskýrsla nýframkvæmda, ódags., ábyrgða- og skuldbindingayfirlit, dags. 27. apríl 2026, yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar, ódags., bréf endurskoðunarnefndar, dags. 13. apríl 2026, skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 27. apríl 2026, um samantekt yfir breytingar á fjárhagsáætlun 2025, bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 25. apríl 2026, vegna breytinga á framlögðum gögnum ársreiknings 2025 og umsögn endurskoðunarnefndar, dags. 20. apríl 2026. Jafnframt er lögð fram umsögn Grant Thornton, dags. 27. apríl 2026.
- Kl. 13:44 tekur Magnús Davíð Norðdahl sæti á fundinum og Oktavía Guðrúnar Jóns vísar af fundi.
- Kl. 15:00 vísar Einar Þorsteinsson af fundinum og Magnea Gná Jóhannsdóttir tekur þar sæti.

Samþykkt að vísa ársreikningi Reykjavíkurborgar 2025 til síðari umræðu sem fram fer á fundi borgarstjórnar 5. maí nk. FAS26010009

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er ánægjulegt að sjá hvernig markviss forgangsröðun samstarfsflokka í þágu barna og barnafjölskyldna birtist í rekstrartölum ársins. Við höfum staðið fyrir mikilli uppbyggingu í skólumálum, húsnæðismálum og annarri grunnþjónustu, á sama tíma og rekstur málaflokka borgarinnar er í jafnvægi og í samræmi við áætlanir. Þetta sýnir að það er mögulegt með ábyrgri fjármálastjórn að takast á við áskoranir samtímans og fjárfesta á sama tíma í framtíðinni. Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 sýnir að rekstur samstæðu borgarinnar er traustur og staða hennar sterk þrátt fyrir krefjandi efnahagsaðstæður. Jákvæð niðurstaða A- og B-hluta, sterk eignastaða og áframhaldandi fjárfesting í innviðum undirstrika getu borgarinnar til að standa vörð um grunnþjónustu borgarinnar og framtíðaruppbyggingu. Neikvæð niðurstaða A-hluta skýrist fyrst og fremst af einkiptisáhrifum hækkunar lífeyrisskuldbindinga sem tengjast nýjum kjarasamningum á árinu. Vakin er athygli á 450 m.kr. gjaldfærslu á 22 ára gamalli skuldbindingu sem tengist samningi þáverandi borgarstjóra við Nýja Landspítalann. Hún er umdeilanleg því eftir er að ljúka tengdum samningum sem

geta skilað borginni tekjum á móti af byggingarrétti og gatnagerð. Niðurstaðan sýnir stöðugan og traustan rekstur þrátt fyrir utanaðkomandi áföll, svo sem verulega hækkun lífeyrisskuldbindinga og tekjufall hjá Orkuveitunni og Faxaflóahöfnum vegna rekstrarfalls Norðuráls.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lýsa alvarlegum áhyggjum af fyrirliggjandi ársreikningi borgarinnar vegna rekstrarársins 2025. Í desember síðastliðnum var kynnt útkomuspá sem gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu sem nú hefur á fáeinum vikum sveiflast um nær 6 milljarða með neikvæðum hætti. Helstu frávikin felast í ofmati skatttekna, vanmati lífeyrisskuldbindinga og útgjöldum umfram heimildir. Þá vekur athygli að eftir endurskoðun ársreiknings aukast útgjöld um 900 milljónir króna, þar af annars vegar um helmingur vegna óbókfærðrar skuldar vegna bílastæðahúss við Nýja Landspítalann og hins vegar vegna Brákarborgar. Allt kjörtímabilið hefur þemað verið að skera niður í þjónustunni við íbúa og hækka gjöld. Samt sem áður er útgjaldavöxtur borgarinnar meiri en tekjuvöxtur sem ekki er sjálfbært í neinum rekstri. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja löngu tímabært að ráðast að rót vandans í rekstri borgarinnar. Setja þarf aukinn þunga í lögbundna þjónustu en leggja til hliðar kostnaðarsöm gæluverkefni. Minnka þarf yfirbyggingu, fækka millistjórnendum, hefja skipulega niðurgreiðslu skulda, ráðast í aukna útvistun og skynsamlega eignasölu.

Borgarfulltrúar Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun.

Framsókn lýsir yfir vonbrigðum með niðurstöðu ársreiknings fyrir árið 2025. Samkvæmt fjármálastefnu og fyrirliggjandi fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir afgangi en ekki hallarekstri. Framsókn skilaði árinu 2024 með um 5 milljarða afgangi og því vonbrigði að áherslum um aðhald og ábyrgð í rekstri sé ekki haldið áfram. Framsókn telur mikil tækifæri til þess ráðast í stjórnkerfisbreytingar sem munu bæði skila hagræðingu en um leið bæta þjónustu við íbúa.

Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir, óháðir borgarfulltrúar, leggja fram svohljóðandi bókun.

Borgarfulltrúar óháðra mótmæla ólýðræðislegri tilhögun við fyrri umræðu um ársreikning Reykjavíkurborgar í borgarstjórn. Í upphafi fundar voru oddvitar allra borgarstjórnarflokka, að undanskildum oddvita borgarstjórnarflokks óháðra, settir á mælendaskrá með rýmkuðum ræðutíma, þ.e. 75 mínútum. Umræddur oddviti var með eftirgangsmunum settur á mælendaskrá, síðastur oddvita, en með mjög takmörkuðum ræðutíma eða einungis 15 mínútum samtals. Svo grófleg mismunun á ræðutíma oddvita eftir borgarstjórnarflokkum er ólýðræðisleg og virðist vera byggð á pólitískri andstöðu forseta gagnvart borgarstjórnarflokki óháðra. Slík vinnubrögð jaðra við gerræði. Á fundi forsætisnefndar 17. apríl sl. var samþykkt að oddvitar tækju til máls á fundi borgarstjórnar við fyrri umræðu um ársreikning og að ræðutími þeirra yrði 75 mínútur. Borgarfulltrúar óháðra gera kröfu um að oddviti þeirra njóti sama málfrelsis í borgarstjórn og aðrir oddvitar.

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Því skal haldið til haga að fyrsta umræða um ársreikning er oddvitaumræða og taka þá einungis til máls oddvitar þeirra flokka sem náðu kjöri í listakosningu í

borgarstjórnarkosningum 2022. Vel var farið yfir þetta fyrirkomulag innan forsætisnefndar en að sjálfsagt væri að bæta öðrum við á mælendaskrá og myndi þá gilda hefðbundinn ræðutími.

Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir, óháðir borgarfulltrúar, leggja fram svohljóðandi gagnbókun.

Á fundi forsætisnefndar 17. apríl sl. samþykktu fulltrúar meirihlutans tillögu um fundartilhögun yfirstandandi borgarstjórnarfundar. Þar segir að við fyrri umræðu um ársreikning, sem fram fari á fundi borgarstjórnar 28. apríl, taki einungis oddvitar til máls og hafi 75 mínútna ræðutíma. Eðlilegt er að tillagan sé túlkuð þannig að með henni sé átt við alla oddvita. Því verður litið svo á að sú ákvörðun forseta borgarstjórnar, að takmarka ræðutíma eins oddvitans við fimmtán mínútur, gangi í berhögg við áðurnefnda samþykkt forsætisnefndar.

2. Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 27. apríl. MSS26010002

### **Fundi slitið kl. 17:01**

Sanna Magdalena Mörtudóttir

Andrea Helgadóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir